

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2006

frá 7. júlí 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/39 frá 7. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 74/408/EBE um sæti, sætisfestingar og höfuðpúða í vélknúnum ökutækjum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/40/EB frá 7. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/41/EB frá 7. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/115/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjoppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/83/EB frá 23. nóvember 2005 um breytingu á I., VI., VII., VIII., IX. og X. viðauka við tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum í því skyni að laga þá að tækniframförum ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB frá 26. október 2005 um notkun varnarbúnaðar framan á vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 143.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 146.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 149.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 305, 24.11.2005, bls. 32.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 37.

- 8) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotkunar, endurvinnslu og endurnýtingar þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB frá 14. nóvember 2005 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki og um breytingu á I., II., III., IV. og VI. viðauka við hana ⁽⁹⁾.
- 10) Með tilskipun 2005/55/EB eru felldar úr gildi, frá 9. nóvember 2006 að telja, tilskipanir 88/77/EBE ⁽¹⁰⁾, 91/542/EBE ⁽¹¹⁾, 96/1/EB ⁽¹²⁾, 1999/96/EB ⁽¹³⁾ og 2001/27/EB ⁽¹⁴⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott frá 9. nóvember 2006 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2005/39/EB, 2005/40/EB, 2005/41/EB, 2005/55/EB, 2005/83/EB, 2005/66/EB, 2005/64/EB og 2005/78/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 313, 29.11.2005, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 295, 25.10.1991, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 40, 17.2.1996, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 44, 16.2.2000, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 107, 18.4.2001, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Oda Helen Sletnes

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2006

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í inngangsorðunum falli 1. mgr. brott; 2. mgr. verði endurtölusett sem 1. mgr.
2. Frá 9. nóvember 2006 að telja falli brott orðin „91/542/EBE“ í hinni nýju 1. mgr. inngangsorðanna og í stað orðanna „tilskipunar 97/24/EB“ komi orðin „tilskipana 97/24/EB og 2005/55/EB“.
3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
 - „– **32005 L 0066**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB frá 26. október 2005 (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 37),
 - **32005 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE):
 - „– **32005 L 0083**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/83/EB frá 23. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 305, 24.11.2005, bls. 32).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (tilskipun ráðsins 74/408/EBE):
 - „– **32005 L 0039**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/39 frá 7. september 2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 143).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (tilskipun ráðsins 76/115/EBE):
 - „– **32005 L 0041**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/41/EB frá 7. september 2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 149).“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 32. lið (tilskipun ráðsins 77/541/EBE):
 - „– **32005 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/40/EB frá 7. september 2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 146).“
8. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 45zh (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB):
 - „45zi. **32005 L 0039**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/39 frá 7. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 74/408/EBE um sæti, sætisfestingar og höfuðpúða í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 143).
 - 45zj. **32005 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/40/EB frá 7. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelt og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 146).
 - 45zk. **32005 L 0041**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/41/EB frá 7. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/115/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 149).

45zl. **32005 L 0055:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki (Stjtíð. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32005 L 0078:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB frá 14. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 313, 29.11.2005, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við neðanmálgreinina sem fylgir lið 5.1.3 í I. viðauka:

„IS = Ísland, FL = Liechtenstein, 16 = Noregur.“

45zm. **32005 L 0066:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB frá 26. október 2005 um notkun varnarbúnaðar framan á vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lið 3.2.1 í II. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg.“

45zn. **32005 L 0064:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotkunar, endurvinnslu og endurnýtingar þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10).

45zo. **32005 L 0078:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB frá 14. nóvember 2005 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki og um breytingu á I., II., III., IV. og VI. viðauka við hana (Stjtíð. ESB L 313, 29.11.2005, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 1. lið í V. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg.““

9. Texti 44. liðar (tilskipun ráðsins 88/77/EBE) falli brott frá 9. nóvember 2006 að telja.